



**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um
embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og
fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2024, fimmtudaginn 14. mars kl. 09:03 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 14. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Saltvík. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Edda Ívarsdóttir.

Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

Þetta gerðist:

1. Tillaga um skammtíastæði við Seljaveg

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að bifreiðastæði við Seljaveg 2 hafi 15 mínútna hámarkstíma

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 09.10

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Edda Ívarsdóttir



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Tillaga

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að bifreiðastæði við Seljaveg 2 hafi 15 mínútna hámarkstíma

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Talningar sýna að stæðin við Seljaveg eru mikið notuð og virðist töluvert um að ökutækjum sé lagt þar til lengri tíma, enda er ekki gjaldskylda á svæðinu. Þá eru nokkur fyrirtæki á svæðinu sem reiða sig á viðskiptavinum sem stoppa í stuttan tíma við verslanir þeirra. Í viðleitni við að tryggja betra aðgengi að bílastæðum við umræddar verslanir er lagt til að eitt bifreiðastæði verði með 15 mínútna hámarkstíma. Bifreiðastæðið er samsíða akstursstefnu líkt og önnur stæði í götunni. Ráðstöfunin er tímabundin þar til bifreiðastæðin verða gerð gjaldskyld.

Skv. e. lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er heimilt að leggja gjald á vegna brota á ákvæðum sem sett eru skv. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitskort yfir staðsetningu stæðis með hámarkstíma.

